

Svör Samfylkingarinnar við spurningalista Íþróttabandalags Reykjavíkur:

1. Hvað vill þitt framboð gera í íþróttamálum á næsta kjörtímabili?

Við viljum halda áfram þeirri kraftmiklu uppbyggingu íþróttamannvirkja sem hefur verið sett af stað í öllum hverfum. Í framkvæmdaáætlun íþrótt- og tómstundamála 2018-2022 erum við með tæpa 10 milljarða í áætlun undir íþróttamannvirki. Til viðbótar má nefna nýja gervigrasvelli hjá Víkingi og Fylki sem telja um 700 mkr, og skíðavæðin um 200 mkr. Allt í allt eru þetta 11,7 milljarðar á þessum 5 árum til íþróttamála. Í þessum tölum eru þó ekki uppbygging fyrir Þrótt eða Víking sem hafa verið í viðræðum, nú eða þjóðarleikvangur í Laugardalsvelli. Það er því ótrúlega margt í gangi og ótrúlega mikið framundan í fjárfestingu íþróttamannvirkja þannig að við getum haldið áfram að bæta þjónustu við börnin í borginni. Við munum standa við þessar fjárfestingar á næsta kjörtímabili og því er mikilvægt að við tryggjum stefnufestu og stöðugleika við stjórn borgarinnar á næsta kjörtímabili með áframhaldandi uppbyggingu slíkra mannvirkja og betri þjónustu.

2. Hver er afstaða ykkar til afreksstarfs í Reykjavík? Teljið þið rétt að vera með bein fjárframlög til afreksstarfs eins og tíðkast í sumum nágrennasveitarfélögum?

Samningur Reykjavíkurborgar og ÍBR f.h íþróttafélaganna tekur fyrst og fremst mið af því að styðja við barna- og unglingsstarf félaganna. Alls eiga 76 íþróttafélög aðild að ÍBR með yfir 40.000 iðkendur. Félögin fá beinar greiðslur frá borginni sem nemur um 900 mkr. og er vegna húsaleigu og æfingastyrkja, starfa íþóttafulltrúa og margt fleira. Í mannvirkjum sem borgin rekur eða leigir af öðrum aðilum æfir og keppir afreksfólk í fjölmörgum íþróttgreinum. Ekki kemur neinn stuðningur frá ríkisvaldinu vegna afnota afreksíþróttafólks og landsliða af mannvirkjum sveitarfélaganna. Sveitarfélög styðja við bakið á afreksíþóttum með öflugum hætti með aðgangi íþróttahreyfingarinnar að mannvirkjum sveitarfélaganna. Heildarfjárveiting Reykjavíkurbogar í ár vegna húsaleigu og æfingastyrkja auk annarra styrkja vegna íþróttastarsemi nemur um 2.4 milljörðum króna. Í núverandi samningi milli borgarinnar og ÍBR segir m.a. að Reykjavíkurborg styrki afreksíþóttastarf félaganna með því að gera þeim kleift að nota aðstöðu í borginni. Þá er hafin vinna á vegum ÍTR og ÍBR við að móta afreksíþróttastarf í Reykjavík sem Samfylkingin styðju heilshugar.

3. Hver er afstaða ykkar til þjóðarleikvanga, uppbyggingu þeirra og reksturs?

Við höfum tekið þátt í undirbúningshópum í samstarfi við ríkið og KSÍ þar sem borgin hefur lagt áherslu á að kostnaður fari ekki upp úr öllu valdi, ef til þess kemur að ákvörðun verði tekin um að leikvangur rísi. Við munum taka þátt í næstu skrefum til þjóðarleikvanga en vitum vel að ef af verður, mun það kosta gríðarlegar fjárhæðir. Um leið er mikilvægt að framlög til þjóðarleikvangs, ef af honum verður, bitni ekki á uppbyggingu annarra íþróttamannvirkja fyrir félögin í borginni til að bæta þjónustu við krakkana. Það er mikilvægt að ná sátt um nýjan Laugardalsvöll en það er langt í land þegar kemur að kostnaðarskiptingu, tegund vallar og umfang hans auk rekstrarspurninga sem hafa vaknað.

4. Hver er afstaða ykkar til frístundaaksturs í hverfum borgarinnar?

Frístundaakstur er frábær þjónusta íþróttafélaganna við krakkana. Við viljum gjarnan að frístundaakstur verði eflur en þó með þeim fyrirvara að hvetja krakka sem eru orðin nægilega gömul til að ganga og hjóla eða taka strætó á milli þar sem það er hægt.